

Safnastefna

**á sviði þjóðminjavörslu
fyrir árin 2010-2014**

DRÖG –APRÍL 2010 -

Þjóðminjasafn Íslands 2010

Þjóðminjasafn Íslands

Maí 2010

Ritstjóri: Anna Lís Rúnarsdóttir
Ábyrgðarmaður: Margrét Hallgrímsdóttir
Ritnefnd: Rakel Halldórsdóttir, Ágústa Kristófersdóttir, Björn Pétursson,
Bryndís Sverrisdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir, Guðný Gerður
Gunnarsdóttir, Haraldur Egilsson, Jón Sigurpálsson, Lilja
Árnadóttir, Lýður Pálsson, Nathalie Jacqueminet, Sigrún Ásta
Jónsdóttir

Umbrot og
textavinnsla: Þjóðminjasafn Íslands og safnaráð

© 2010 Þjóðminjasafn Íslands

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	4
1. Inngangur.....	5
2. Grundvöllur safnastarfs.....	11
3. Söfnun.....	17
4. Skráning.....	19
5. Varðveisla.....	21
6. Rannsóknir.....	23
7. Miðlun.....	25
8. Samvinna.....	27
9. Lokaorð.....	29
10. Heimildir.....	30
11. Viðaukar.....	31

Formáli

Árið 2000 fól menntamálaráðherra þjóðminjaverði að hafa forystu um mótun stefnu í minja- og safnamálum og kom *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2003-2008* út árið 2003. Ný safnalög tóku gildi 2001 og starfsemi safna hefur þróast í nýju lagaumhverfi frá þeim tíma. Starf og frumkvæði safna um land allt samfara uppbyggingu höfuðsafnsins Þjóðminjasafns Íslands ásamt tilkomu safnaráðs og safnastefnunnar eru allt þættir sem stuðlað hafa að góðum árangri í faglegu starfi safna um allt land.

Ný safnastefna byggir á *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu 2003-2008* og þeirri reynslu sem fengist hefur á þessu tímabili og tekur mið af því sem áunnist hefur. Ljóst er að á sviði safnastarfs eru fjölmörg tækifæri til uppbyggingar samféluginu til góðs. Brýnt er að efla samvinnu safna, og stefna að því að sameina söfn og safnatengda starfsemi þar sem það á við. Einnig er mikilvægt að efla samvinnu við tengda aðila, svo sem á sviði menntunar og ferðaþjónustu. Þannig má styrkja faglega þætti safnastarfs og samhengi starfseminnar þannig að saman fari og styrki hvað annað; varðveisla, rannsóknir og miðlun.

Mikilvægt er að fjárveitingum verði úthlutað samkvæmt vandaðri og faglegri forgangsröðun. Nauðsynlegt er að efla hina faglegu sjóði, í þessu tilviki safnasjóð á kostnað beinna framlaga frá fjárlaganefnd (sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar *Íslensk muna og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé*. Skýrsla til Alþingis. 2009). Þannig verði áherslur safnastefnunnar og safnalaga lagðar til grundvallar úthlutunar á fjármagni frá opinberum aðilum. Safnaráð á að vera sá vettvangur þar sem faglegt mat fer fram. Þar er yfirsýn og þekking yfir þá starfsemi sem fer fram á söfnunum. Því er jafnframt beint til sveitarfélaga að standa að rekstri safna í samræmi við auknar kröfur, sameina söfn og styrkja faglegt starf.

Safnastefna 2010-2014 byggir á gildandi safnalögum nr. 106/2001 og þjóðminjalögum nr. 107/2001, en með þeirri vitund að verið er að endurskoða þau. Er það von mín og trú að sú endurskoðun miði að því að styrkja þá þætti sem hér er lögð áhersla á. Safnastefna 2010-2014 er gefin út rafrænt á vefsíðu Þjóðminjasafns Íslands www.thjodminjasafn.is og á vefsíðu safnaráðs www.safnarad.is. Á tímabilinu nóvember 2009 til febrúar 2010 var efnt til samráðsfunda í Þjóðminjasafni Íslands og í hverjum landsfjórðungi með safnmönnum þar sem farið var yfir drög stefnunnar. Í kjölfarið var skipuð ritnefnd sem vann úr athugasemdum og vann að lokaútgáfu.

Frá því að *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2003-2008* kom út hefur mikið áunnist á sviði safnastarfs á Íslandi. Á það við um alla þætti faglegs safnastarfs, s.s. stefnumörkun og sérhæfingu safna, skráningu í Sarp, skilyrði til varðveislu, rannsóknir og leiðir til miðlunar. Áframhaldandi uppbygging hafi faglegt starf og samvinnu í víðum skilningi að leiðarljósi. Markmiðið verði að fækka, en styrkja söfnin og þannig má sjá fyrir sér að safnastarf eflist á tímum aðhalds. Vandað og faglegt safnastarf er styrkur fyrir samfélagið þar sem lagður er grunnur að öflugu menningarstarfi. Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu er ætlað að vera vegvísir á þessari leið.

Reykjavík apríl 2010,

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður

1. Inngangur

Söfn eru mennta- og þjónustustofnanir sem hafa það hlutverk að varðveita menningararf þjóðarinnar og tryggja að almenningur geti notið hans. Á síðustu áratugum hefur starfsemi safna tekið miklum breytingum. Hún er orðin fjölbreyttari í takt við nýjar kröfur og væntingar samfélagsins. Frumherjar á þessu sviði eiga þakkir skildar fyrir mikið brautryðjendastarf, þeir hafa safnað miklum verðmætum sem verður að hlúa að með virðingu.

Safnastefnunni er ætlað að vísa starfsmönnum og eigendum veginn og hvetja til faglegs starfs á söfnum. Safnastefnunni er skipt upp í sjö kafla og er í hverjum fyrir sig gert grein fyrir markmiðum og helstu leiðum að þeim. Kaflaskiptingin byggir á fimm meginhlutverkum safna: söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknunum og miðlun. En auk þeirra er fjallað um grundvöll safnastarfs og samvinnu. Mikilvægt er að menningarminjasöfnin í landinu taki virkan þátt í að vinna að þessum markmiðum í starfi sínu.

Árangur síðustu ára

Góður árangur hefur náðst á sviði safnastarfs á liðnum árum. Söfnin í landinu hafa unnið markvisst að því að styrkja starfsemi sína bæði af eigin frumkvæði, undir leiðsögn safnaráðs og einnig hefur *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2003-2008* gengt þar mikilvægu hlutverki.

Núgildandi lög um safnastarf voru sett árið 2001. Samkvæmt þeim var sett á laggirnar safnaráð. Safnaráð hefur með starfi sínu stuðlað að framförum í faglegum áherslum safnastarfs, enda gegnir það mikilvægu hlutverki í samræmi við safnalög. Það vinnur að uppbyggingu safnastarfs í landinu (sjá nánar í viðauka) og er samráðsvettvangur safna. Til dæmis gaf safnaráð út stefnu um menntunarhlutverk safna árið 2006, sem unnin var með víðtæku samráði safna um allt land. Þessir þættir stuðla sameiginlega að eflingu á faglegu starfi safna, auknum rannsóknum og miðlun þekkingar á þessu sviði.

Skrifstofa safnaráðs hefur einnig kerfisbundið safnað upplýsingum um safnastarf á Íslandi. Upplýsingar um söfn í landinu eru nú á vefsíðunni www.safnarad.is, þar sem söfnin sjálf skrá sig og viðhalda sínum upplýsingum.

Söfn á einstökum svæðum hafa haft samvinnu um markaðs- og kynningarmál og staðið sameiginlega að útgáfu bæklinga. Safnaklasar hafa verið stofnaðir t.a.m.

Í 4. gr. safnalaga nr. 106/2001 er safn skilgreint þannig:

“Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.”

á Suðurlandi, í Eyjafirði og í Norðurþingi og hafa þeir unnið m.a. að kynningarmálum, fræðslu og sameiginlegum viðburðum.

Samstarfsverkefni í samtímasöfnun er yfirstandandi undir forystu Þjóðminjasafns Íslands.

Faglegt starf safna hefur styrkst og starf safna orðið markvissara, þó enn sé mikið óunnið á mörgum sviðum. Farnar hafa verið nýjar leiðir í samvinnu safna innan hvers svæðis og innan fagsviða.

Nýr og afar mikilvægur áfangi á sviði safnastarfs hefur náðst með þróun og útgáfu Sarps 3.0, sem verður veflægur.

Möguleikar til menntunar hafa aukist. Sem dæmi má nefna Háskóla Íslands, sem frá árinu 2004 hefur boðið upp á nám í safnafræði sem aukagrein til BA-prófs og frá 2009 til MA-prófs sem rannsóknarnám. Þá hefur FÍSOS staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum og Farskóli safnmanna hefur eflst ár frá ári.

Um hlutverk safna

Söfn eru ein af grunnstoðum samfélagsins. Söfn taka þátt í að framfylgja markmiðum lýðræðis í samfélaginu með því að tryggja aðgengi að heimildum um uppruna og þróun. Það er hlutverk safna að miðla upplýsingum um sögu og menningu til almennings. Þau eru jafnframt hluti hins óformlega menntakerfis samfélagsins.

Grunnhlutverk safna er að safna heimildum, frumgögnum, gripum sem og upplýsingum um þá, varðveita, skrá, rannsaka og miðla til almennings. Faglegt safnastarf byggir á öllum þessum þáttum sem tengjast og mynda það samhengi sem safnastarf gengur út á. Mikilvægt er að þróun og uppbygging safna byggi á öllum þessum grunnþáttum safnastarfs og stefni að því að styrkja hið faglega samhengi þeirra. Safn ber faglega ábyrgð á sínum safnkosti og meðferð hans. Því er afar mikilvægt að fagaðilar taki þátt í stefnumótun um málefni safnsins og framkvæmd hennar.

Hugtök - afmörkun

Samkvæmt gildandi safnalögum ber höfuðsöfnum að stuðla að samræmdri safnastefnu á sínu sviði. Þjóðminjasafn Íslands er samkvæmt 5. gr. safnalaga nr. 106/2001 höfuðsafn á sviði Þjóðminjavörslu og ber að vera öðrum menningarminjasöfnum til fyrirmynda og ráðgjafar. Samkvæmt málvenju og hefð eru þau nefnd minjasöfn og skiptast í byggða- og sérsöfn. Þjóðminjasafn Íslands og minjasöfnin eru hluti minjavörslunnar ásamt Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins, og gegna þau opinberum skyldum í minjavernd.

Safnalög nr. 106/2001 gilda um öll söfn landsins. Samkvæmt 2. gr. þeirra nær hugtakið minjasafn bæði til menningar- og náttúruminjasafna. Menningarminjasafn hefur viðtækt hlutverk samkvæmt lögum og í samræmi við siðareglur safna. Þótt starfsemin sé mismunandi eftir viðfangsefnum og söfnunarflokkum eru rekstur og stjórnun, söfnun, skráning, rannsóknir, miðlun og varðveisla þeim öllum sameiginleg.

Safn, setur, sýning

Söfn á Íslandi eru af margvíslegum toga. Þau geta verið sérsöfn um ákveðinn málaflokk, sbr. Síldarminjasafnið á Siglufirði, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og ljósmyndasöfnin. Einnig eru fjölmörg byggða- og minjasöfn sem skilgreina starfsemi út frá starfssvæði fyrst og fremst. Eignarhald og rekstrarform safna er mismunandi. Mörg eru í eigu sveitarfélaga, eins eða fleiri, en sum eru sjálfseignarstofnanir. Eigendur safna skipa fulltrúa sína í stjórn safnsins. Þar sem um söfn í eigu sveitarfélaga er að ræða, er þessari ábyrgð oft bætt inn á verksvið stærri nefnda, s.s. menninganefnda sveitarfélagsins.

Gerður er greinarmunur á safni, setri og sýningu.

Söfn eru mennta- og þjónustustofnanir sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu hvað varðar meðhöndlun, varðveislu og miðlun þekkingar um menningararfinn. Lögbundið hlutverk þeirra er að safna, varðveita, skrásetja, rannsaka og miðla menningararfinum. Söfn eru mikilvæg undirstaða starfs ýmissa annarra stofnana sem fjalla um menningararf s.s. skóla, fræðimanna, fræðasetra, ferðaþjónustuaðila, listamanna og hönnuða. Söfn geta verið vettvangur samfélagsumræðu og látið til sín taka á því sviði.

Setur hafa ekki lögbundið hlutverk. Starfsemi þeirra er á sviði rannsókna og miðlunar. Yfirleitt bjóða þau upp á sýningar sem tengjast viðfangsefnum þeirra.

Sýning sinnir miðlun þekkingar m.a. um menningararf, menningu og samfélag og getur verið sjálfstæð rekstrareining.

Markviss uppbygging

Mikilvægt er að treysta tengsl yfirvalda og almennings við söfnin sem miðstöðvar þar sem dýrmæt þekking er fyrir hendi um meðhöndlun, varðveislu og miðlun menningararfs. Söfn verði þannig eðlilegur valkostur við ráðgjöf og samvinnu um uppbyggingu nýrra stofnana á sviði miðlunar menningararfsins.

Áherslur og stefnumörkun ríkisvaldsins á sviði safnamála byggir að verulegu leyti á því hvernig fjármunum er deilt út frá ríkinu. Til að ná að framfylgja stefnu þarf útteiling fjármagns að fylgja henni eftir. Þá verður til fjárhagslegur hvati fyrir söfnin að fylgja opinberri stefnu og stefna ríkisins þar með líklegri til að ná árangri.

Því er þörf á að efla hina opinberu sjóði, sem úthluta fjármagni til safnastarfs og þjóðminjavörslu, s.s. safnasjóð og húsafriðunarsjóð. Það er eindregið mælt til þess að opinberu fjármagni til safnastarfs verði beint í gegnum safnasjóð. Mikilvægt er að fjármagni til safnastarfs verði ráðstafað á markvissan hátt til að tryggja skipulega og faglega uppbyggingu til framtíðar. Þannig má nýta fjármagn sem best í þágu faglegrar uppbyggingar safnastarfs.

Markmið

Grundvöllur safnastarfs

- *Samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi*
- *Opinberar fjárveitingar til safnastarfs verði byggðar á faglegum grunni.*
- *Metnaðarfull uppbygging og árangursríkt safnastarf.*
- *Öflugt höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu.*

Söfnun

- *Lögð verði áhersla á samvinnu safna við söfnun, skipulag hennar og þróun.*

Skráning

- *Sarpur - sameiginlegur rafrænn gagnagrunnur á landsvísu með vefgátt fyrir almenning.*

Varðveisla

- *Öryggi safnkosts verði tryggt til framtíðar.*

Rannsóknir

- *Rannsóknarstarf safna verði eftl.*


Miðlun

- *Vönduð miðlun og fræðsla með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi*

Samvinna

- *Samvinna safna við ferðaþjónustuaðila, menntastofnanir og fræðasetur verði efl.*

ÓRJÚFANLEGT SAMHENGI FAGLEGS SAFNASTARFS



2. Grundvöllur safnastarfs

Markmið

Samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi

Leiðir

- **Hlutverk samkvæmt lögum**

Í núgildandi lagaumhverfi eru það safna- og þjóðminjalög sem kveða á um hlutverk safna. Um minjasöfn er sérstaklega fjallað í þjóðminjalögum. Í 5. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og minjasafna skilgreint þannig: „Að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innanlands og utan.“ Í sömu grein segir að byggðasöfnunum beri að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag eða landsfjórðung.

Með því að stofna safn er verið að takast á hendur varðveislu heimilda og gripa til framtíðar í þágu samfélagsins. Almennigur á að geta gengið að þessum heimildum vísun. Eigendur safna þurfa að gera sér grein fyrir hlutverki sínu og þeirri langtímaskuldbindingu sem felst í safnastarfi. Þeim ber að búa þannig að söfnum að þau geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt og farið eftir gildandi safnastefnu. Telji eigendur sér ekki fært að halda starfsemi safnsins gangandi er mikilvægt að farið sé eftir stofnskrá við ráðstöfun safnkosts.

- **Þjónusta safna**

Minjasöfn eru þjónustustofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann. Með því að veita aðgengi að heimildum um fortíðina gefa þau safngestum tækifæri til að sækja sér þekkingu á eigin forsendum. Aðgengi að upplýsingum um safnkost minjasafna er lýðræðismál.

Lögð er áhersla á að eigendur og starfsmenn safna leiti leiða til að koma til móts við hugmyndir innan nærsamfélagsins um söfnunarstefnu, sýningarefni og nálgun, með það að leiðarljósi að nýta sem best þá þekkingu sem er til staðar í söfnunum en um leið að stuðla að nýsköpun. Söfn verði þannig farvegur fyrir nýjar hugmyndir að sýningum, söfnun og rannsóknum í stað þess að stofna nýja rekstrareiningu.

- **Vinafélög og sjálfboðaliðar**

Hollvinafélög hafa verið stofnuð víða söfnunum til góða en þau hafa unnið ötullega að því að efla safnastarfið. Söfnin eru hvött til þess að hlú að frumkvæði sem kemur frá samfélaginu og gefa vinafélögum/hollvinasamtökum tækifæri til að taka þátt í uppbyggingu safnastarfsins. Sjálfsgott er að efla jafnframt sjálfbodastarf innan safna eftir því sem við á, en störf sjálfbodaliða þjóna bæði stofnuninni sjálfri og þeim sem býður sig fram. Vinna með sjálfbodaliðum eflir tengingu safnsins við samfélagið/áhugahópa og býður upp á möguleika til gagnkvæmra skipta á þekkingu og styður þar með við menntunarhlutverk safna.

Markmið

Opinberar fjárveitingar til safnastarfs verði byggðar á faglegum grunni.

Leiðir

- **Safnasjóður verði eflur**

Unnið verði að því með samstarfi ríkisvaldsins og safnmanna að opinberar fjárveitingar til reksturs safna verði fyrst og fremst veittar eftir faglega umfjöllun safnasjóðs.

Fjárveitingarvaldið taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar (2009) þar sem bent er á mikilvægi þess að ákvarðanir um fjárveitingar ríkisins til safnastarfs byggji á skýrri stefnu, faglegum grunni og hafi langtíma hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Samhengi milli fjarveitinga og stefnu þarf að vera skýrt.

- **Markviss uppbygging safnastarfsemi**

Nú eru í gildi nokkrir menningarsamningar milli ríkis og sveitarfélaga, þar sem markmiðið er að efla menningarstarf á viðkomandi landsvæði. Menningarsamningar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins byggji á skýrri stefnu og auknum skyldum þeirra sveitarfélaga sem fjármagnið þiggja. Hvatt er til þess að ákveðnu hlutfalli styrksins verði varið til uppbyggingar þeirra menningarstofnana sem þegar eru starfandi í sveitarfélaginu. Þá verði ákveðnu hlutfalli varið til nýsköpunar og grasrótarstarfs á menningarsviði, gjarnan í samstarfi við þær menningarstofnanir sem fyrir eru á svæðinu. Þetta stuðlar að stöðugleika og framþróun menningarstofnana á hverju svæði og veitir faglegan vettvang fyrir nýjar hugmyndir.

Markmið

Metnaðarfull uppbygging og árangursríkt safnastarf

Leiðir

- **Samhengi safnastarfs verði leiðarljós.**

Faglegt safnastarf felur í sér margvíslega þætti sem þó tengjast á einn eða annan hátt. Söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun þarf að vinna í samhengi hvort við annað með safnkostinn í fyrirrúmi. Miðlun getur ekki átt sér stað nema í samhengi við safnkostinn, skráningin þarf að skapa góðar undirstöður fyrir rannsóknir, sem aftur eru grundvöllur fyrir miðlun. Rannsóknir eru hluti af skráningu og miðlun sem þarf að taka mið af varðveislu. Þá þarf að huga að varðveislu á öllum sviðum, á safngripum, skráningargögnum, sem og niðurstöðum rannsókna. Stefnumótun og starfsemi innan safna þarf að taka mið af þessu margþætta samhengi.

- **Mannauður – menntun – endurmenntun**

Söfn veiti starfsfólki tækifæri til uppbyggingar og þróunar í starfi.

Safnmenn eru hvattir til að afla sér menntunar sem nýtist í starfi. Slíkt hefur jákvæð áhrif á framvindu og þróun safnastarfs (sjá nánari uppl. í viðauka). Lagt er til að söfnin styrki starfsfólk sitt til endurmenntunar. Eigendur og stjórnendur safnanna eru hvattir til að veita starfsmönnum svigrúm til að stunda endurmenntun, s.s. nám í fræðum tengdu safnastarfinu.

- **Varðveisla þekkingar**

Sú reynsla og þekking sem skapast í safnastarfinu eru verðmæti sem mikilvægt er að varðveita. Tryggja þarf að reynslubrunnurinn aukist með hverri kynslóð, og verði ávallt aðgengilegur. Til dæmis með ítarskráningum gripa, geymsluskrám (hilluskrám), rannsóknarniðurstöðum, skýrslum og samantektum um verkefni og miðlun þeirra. Það er mikilvægt að starfsmenn og eigendur safna tryggi samfellt, faglegt starf svo mikilvæg þekking glatist ekki.

- **Sjálfsmat**

Til þess að ná auknum árangri er nauðsynlegt að meta hvernig safnið rækir hlutverk sitt og nær til safngesta. Reglulegar kannanir eru tæki sem söfnin geta nýtt sér í þessum tilgangi og gæti safnaráð verið vettvangur samstarfs um slíkt.¹

- **Safnastefna**

¹ Safnaráð leiðir gerð sameiginlegrar könnunar sem verður tekin í notkun sumarið 2010 og getur gefið mikilvægar samanburðarhæfar upplýsingar um söfnin í landinu.

Skv. safnalögum skal hvert safn móta sér stefnu til fjögurra ára og hafa *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu* til hliðsjónar við endurskoðun. Einnig væri gagnlegt að hvert svæði ynni sameiginlega að mótun stefnu um safnastarf á svæðinu.

- **Auknar gæðakröfur**

Gæðakröfur um starfsemi safna sem forsenda þess að þau fái rekstrarstyrk úr safnasjóði, verði markvisst efldar. Dæmi um þau skilyrði safnaráðs, sem fylgja þarf vel eftir eru t.d.: Að safn uppfylli ákvæði gildandi safnalaga um faglegt safnastarf, starfi í samræmi við settar reglur, s.s. alþjóðlegar samþykktir og siðareglur safna, hafi menntaðan og/eða sérhæfðan starfsmann sem sinni grunnatriðum safnastarfsins, að það sé aðgengilegt og opið almenningi, að það hafi fjárhagslegan starfsgrundvöll, að það hafi viðunandi geymslur og að öryggismál séu í lagi.

- **Hlutverk safna innan ferðaþjónustu**

Menningarferðaþjónusta gegnir veigamiklu hlutverki í miðlun þekkingar um menningararf. Treysta þarf tengsl safnastarfsemi við aðra ferðaþjónustu í landinu. Slík samvinna sé ætíð á forsendum faglegs safnastarfs.

Markmið

Öflugt höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu.

Leiðir

- **Fyrirmynd annarra**

Þjóðminjasafn Íslands, sem höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu, ræki hlutverk sitt sem fyrirmynd annarra safna um fagleg vinnubrögð við öflun upplýsinga og skráningu, fullnægjandi varðveisluskilyrði og miðlun hvers konar.

- **Fræðsla**

Þjóðminjasafn Íslands styðji við fræðslu og endurmenntun safnmanna, s.s. með fyrirlestrum, útgáfu og miðlunarstarfi almennt. Einnig hefur safnið forgöngu um mótun *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu* og fylgir henni eftir í samstarfi við safnaráð.

- **Samstarf**

Þjóðminjasafn Íslands leiði samstarfsverkefni sem miði að því að styrkja þjóðminjavörsluna og efla færni á ýmsum sérsviðum.

- **Ráðgjöf**

Söfnin hafi aðgang að faglegri ráðgjöf sérfræðinga Þjóðminjasafns Íslands í samræmi við lögbundið hlutverk, eins og svigrúm er til hverju sinni. Þjóðminjasafnið leitist einnig við að vísa söfnunum áfram á sérfræðipækkingu, þar sem hana er að finna.

- **Þjónusta**

Þjóðminjasafn Íslands leitast við að veita minjasöfnum þjónustu eins og svigrúm er til hverju sinni. Í bóka- og heimildasafni Þjóðminjasafnsins er veittur aðgangur að heimildum, og þar er jafnframt aðgengi fyrir almenning að Sarpi. Þá hefur safnið leitast við að vera minjasöfnum til aðstoðar við úrlausn erfiðra mála og sendir viðbragðshóp á vettvang ef aðstæður krefjast (t.d. eftir eldsvoða, vatnsleka eða jarðskjálfta).

Þjóðminjasafnið veitir einnig ýmsa þjónustu gegn gjaldi, s.s. eftirtökur ljósmynda og forvörslu. Safnið lánar einnig öðrum söfnum safngripi úr safnkostinum í samræmi við útlánareglur Þjóðminjasafnsins. Einnig er lögð áhersla á að afhenda gripi til langtíma varðveislu þegar það á við og leggur safnið þannig sitt af mörkum til að koma á skilvirkari verkaskiptingu.

3. Söfnun

Markmið

Lögð verði áhersla á samvinnu safna við söfnun, skipulag hennar og þróun.

Leiðir

- **Skilgreina/endurskoða söfnunarstefnu**

Með söfnunarstefnu er átt við aðferð við söfnun, m.a. hvernig staðið er að vali og söfnun safngripa (muna og ljósmynda), og skriflegra, munnlegra og annarra upplýsinga. Þetta er fyrsti verkþáttur rannsókn- og varðveislustarfs á söfnum og mótar aðra þætti safnastarfsins. Hvert safn mótar söfnunarstefnu í samræmi við hlutverk sitt og safnar af virðingu og tillitsemi við hlutadeigandi aðila. Til að ná settum markmiðum þarf aðferðafræði, sem byggir á starfsvettvangi minjasafna. Tilgreina þarf söfnunarsvið safnsins, söfnunartímabil og söfnunarsvæði. Skv. lögum ber byggðasöfnum að taka mið af sögu síns starfssvæðis, en jafnframt eru viðmið innan ákveðinna söfnunarflokka sem endurspeglar sérhæfingu safna. Söfnunarstefna er mótuð í samræmi við siðareglur ICOM og ber að endurskoða reglulega.

- **Miðlun söfnunarstefnu**

Hvert safn geri söfnunarstefnu sína aðgengilega, sbr. grein 2.1 í siðareglum ICOM, t.d. með því að birta hana á vef safnsins. Söfnunarstefna getur haft áhrif á samvinnu og verkaskiptingu safnanna og þar með skipulag þeirra. Bætt aðgengi að þessum upplýsingum getur auðveldað leit að samstarfsaðilum. Þá er einnig gagnlegt að þessar upplýsingar séu aðgengilegar samfélaginu, sem tekur þátt í ferlinu með því að bjóða söfnum gripi.

- **Samráð/samstarf**

Söfnin hafa beitt ýmsum aðferðum við söfnun og hefur oft verið um þarft björgunarstarf að ræða. Búast má við að víða sé í gangi tvíverknaður og ýmis svið sem ekki hefur verið sinnt. Með skráningu safnanna í upplýsingakerfið Sarp munu skapast forsendur til að öðlast yfirsýn yfir safnkost menningarminjasafna.

Samráð um söfnun, t.d. innan ákveðinna fagsviða eða landssvæða, getur stuðlað að markvissari söfnun. Söfn leitist við að sérhæfa sig í samræmi við sitt umhverfi og hlutverk og geti þannig skipt með sér verkum þegar við á. Lagt er til að söfn hafi samráð um söfnunarstefnu með það að markmiði að engin af meginsviðum menningararfs þjóðarinnar séu undanskilin.

Þjóðminjasafnið hafi frumkvæði að því að skilgreina þau svið sem mikilvægast er að söfnun safna í landinu nái yfir. Samhliða verði unnið að mótun verklagsreglna um grisjun fyrir söfnin í landinu. Söfnin í landinu geta þá haft þessar skilgreiningar til hliðsjónar við mótun söfnunarstefnu og þróun verkefna. Hvatt er til víðtæks samstarfs og verkaskiptingar á þessu sviði milli minjasafna og Þjóðminjasafns Íslands varðandi söfnun. Einnig hafa ákveðin fyrirtæki og opinberar stofnanir sýnt áhuga á söfnun á sínum sviðum og varðveita jafnvel mikilvægar gripaheildir. Sjálfsagt er að virkja slíka aðila til samstarfs þar sem það á við.

- **Samtímasöfnun**

Gert verði átak í söfnun og skráningu samtímaminja.

Þjóðminjasafnið, sem höfuðsafn, leiði samstarf um mótun stefnu í samtímasöfnun sem nær til menningarminjasafna.

Samvinna um samtímasöfnun taki mið af sérhæfingu safna og leiði þannig til verkaskiptingar þeirra á milli.

Hvað er Samdok?

Undanfarna rúma þrjá áratugi hefur verið mótuð aðferð við söfnun menningarminja meðal norræna minjasafna sem skotið hefur föstum rótum á meðal fjölda safna í Skandinavíu og reyndar víðar í Evrópu. Aðferðin er upprunnin í Svíþjóð, yfirleitt kennd við *Samdok*, sem er stytting á *Samtids-dokumentation* og hefur héraendis gengið undir nafninu samtíma-varðveisla eða samtímasöfnun.

Kjarninn í samtímasöfnun felst í því að nýta fleiri en eina nálgun við söfnunina, sem ná þá í sameiningu betur utan um heildina en hægt væri ef einungis ein leið væri valin. Út frá skilgreindu markmiði er þá safnað þjóðhátum, munum og ljósmyndum.

Sjá www.nordiskamuseet.se þar sem finna má nánari upplýsingar um *Samdok*.

4. Skráning

Markmið

Sarpur - sameiginlegur stafrænn gagnagrunnur á landsvísu með vefgátt fyrir almenning.

Vönduð skráning og aðgengilegar skrár er ein af grundvallarforsendum safnastarfs. Að frumkvæði Þjóðminjasafns Íslands hafa söfnin þróað sameiginlega miðlæga gagnagrunninn Sarp í því skyni að: 1) staðla og samræma skráningu, 2) bæta aðgengi að upplýsingum um muni og aðrar menningarsögulegar heimildir, 3) tryggja sem besta og öruggasta varðveislu upplýsinganna með nútímatækni og 4) efla samvinnu safna á landsvísu.

Unnið er markvisst að því að Sarpur uppfylli þarfir allra íslenskra safna um faglega skráningu. Til framtíðar yrði einn notendavænn og aðgengilegur miðlægur skráningargrunnur allra safna vænsti kosturinn, þar sem upplýsingar um safnkostinn yrðu á einum stað, sambærilegt við Gegni - landskerfi bókasafna. Slík samhæfing eykur líkur á því að tæknileg þróun verði í takti við framfarir á þessu sviði.

Leiðir

• Gerast aðili að Sarpi

Söfnin eru öll hvött til þess að gerast aðilar að Sarpi. Sameiginlegur miðlægur gagnagrunnur stuðlar að fagmennsku í starfsemi safnanna og því markmiði að minjavarðslan í landinu sé einn starfsvettvangur. Aðild allra minjasafna að gagnagrunninum rennir styrkari stöðum undir allt rannsóknarstarf, söfnun, úrvinnslu og miðlun. Lögð er áhersla á að öll minjasöfn verði orðin aðilar að Sarpi fyrir lok árs 2014.

Þau söfn sem hafa byggt upp eigin gagnagrunna en stefna á aðild að Sarpi eru hvött til að leita eftir samvinnu við önnur söfn við undirbúning á yfirfærslu gagna, þar sem það á við. Mikilvægt er að sú reynsla og þekking sem hefur skapast á þessu sviði nýtist sem best.

Sarpur 3.0

Þriðja útgáfa kerfisins er nú í vinnslu með tilkomu nýju útgáfunnar, en hún verður veflæg og byggð á vensluðum gagnagrunni. (sjá sarpur.is).

Rekstrarfélagið Sarpur sér um kerfið og mun verða eigandi nýju útgáfunnar. Auk gagna Þjóðminjasafns og minjasafnanna eru gögn Húsafríðunarnefndar og Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skráð í grunninn. Með því fæst meiri hagkvæmni, bætt aðgengi, aukin yfirsýn og miklir miðlunarmöguleikar.

Gríðarlegt magn upplýsinga liggur fyrir á ýmsu formi og bíður þess að verða fært í grunninn. Áætlað er að í hann fari a.m.k. 4 milljón færslur. Nú þegar eru þær yfir 900.000.

- **Fræðsla**

Skráningarstarf er sérhæfð vinna sem byggist á þjálfun og reynslu. Lagt er til að Rekstrarfélagið Sarpur standi að fræðslufundum um skráningu í hverjum landshluta árlega ásamt þjálfun/ endurmenntun í skráningu.

Mikilvægt er að starfsmenn við skráningu öðlist viðeigandi þekkingu og færni á því sviði og sækji sér endurmenntun reglulega.

Söfnin kynni sér leiðbeiningar um skráningu safngripa á vefsíðu safnaráðs.

- **Gæðakröfur mótaðar**

Safnaráð, í samráði við Þjóðminjasafn Íslands, mótar gæðakröfur um skráningu, bæði hvað varðar upplýsingar um safngripina og ljósmyndir af þeim sem varðveittar eru í Sarpi.

- **Áhersla lögð á skráningu**

Það þarf að vera sameiginlegt keppikefli ríkis og sveitarfélaga að stuðla að skráningu í gagnagrunninn Sarp.

Hvatt er til samvinnu á milli safna um skráningu, til þess að þekking sérhæfðra starfsmanna nýtist sem best.

Átak verði einnig gert í skráningu og varðveislu skjalasafna safnanna, í samræmi við lög og leiðbeiningar Þjóðskjalasafns Íslands. Gögnin eru mikilvægar frumheimildir sem þarf að varðveita og gera aðgengileg.

- **Stefna mótuð í stafrænum menningararfsins**

Unnið hefur verið að því að koma hluta menningararfsins í stafrænt form, þar sem m.a. gögn, afrit af ljósmyndum og ljósmyndir af safngripum er vistað á tölvutæku formi. Mikilvægt er því að móta langtímastefnu um stafræna varðveislu og að hún verði endurskoðuð reglulega í takt við þær breytingar sem kunna að verða. Hvatt er til þess að samráð verði haft við bóka- og skjalasöfn, til þess að nýta þá reynslu sem þar gæti verið til staðar á þessu sviði.

Vönduð stafræn skráning er hluti af góðri varðveislu. En með því að koma upplýsingum á stafrænt form og gera þær aðgengilegar minnkar þörfin á umgengni við safngripinn, sem hefur í för með sér minni hættu á sliti og skemmdum.

Á hinn bóginn skapast ný varðveisluvandamál við varðveislu stafrænna gagna. Með því að reka einn samræmdan gagnagrunn ættu að skapast fjárhagslegar og þekkingarlegar aðstæður til þess að vanda til verka við stafræna vistun og standa að nauðsynlegum uppfærslum.

5. Varðveisla

Markmið

Öryggi safnkosts verði tryggt til framtíðar.

Leiðir

- **Húsnæði**

Geymslur safnanna þurfa að uppfylla lágmarkskröfur varðandi t.d. raka, hitastig og öryggi. Annars geta mikil verðmæti farið forgörðum. Varðveislan þarfnast sérstakrar aðstöðu, annars vegar til að geyma safnkostinn við öruggar og aðgengilegar aðstæður og hins vegar til forvörslu. Húsnæði þar sem safnkostur er, hvort sem er á sýningum eða í geymslum þarf að uppfylla ákveðin skilyrði um varðveislu, aðgengi og öryggi safnskostins. Mikilvægt er einnig að huga að öryggi og heilsu safngesta og starfsmanna.

- **Fræðsla**

Þjóðminjasafn Íslands, í samstarfi við Landsbókasafn - Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn, gefi út handbók á íslensku um varðveislu gripa sem verður aðgengileg á vefnum.

Safnafræði við Háskóla Íslands og endurmenntun á vegum FÍSOS bjóði markvisst upp á fræðslu um meðhöndlun safngripa.

- **Staðlar**

Söfnin kynni sér gæðastaðla fyrir safngeymslur þar sem fram koma lágmarkskröfur um aðstöðu til að varðveita og forverja safnmuni. Safnaráð hefur hafið verkefni þar sem sett verða fram viðmið og kröfur um varðveisluskilyrði safna, í samráði við sérfræðinga höfuðsafna (sjá drög á vefsíðu safnaráðs). Mikilvægt er að sú vinna skili sér í stöðlum um aðstöðu safna til varðveislu og forvörslu.

- **Samstarf**

Safnkostur skal ávallt varðveittur á forsendum faglegs safnastarfs. Í því ljósi er mikilvægt að fagaðilar innan safnsins móti stefnu um varðveislumál. Ljóst er að á næstu árum er þörf á miklu átaki til úrbóta á safngeymslum sem geta verið kostnaðarsamar. Samstarf í slíku átaki ætti að geta leitt til hagkvæmari lausna og betri nýtingar fjármagns. Mikilvægt er þó að skammtímahagsmunir ráði ekki ferð þegar unnið er að úrbótum í geymslumálum safna. Þar sem það á við.

- **Áætlun um fyrirbyggjandi forvörslu**

Söfn þurfa að huga að forvörslu safnkostsins. Bæta þarf aðstöðu til að forverja og varðveita safngripi. Söfn geri áætlun um fyrirbyggjandi forvörslu fyrir safnkostinn og vinni markvisst eftir henni. Þau eru hvött til að leita ráðgjafar forvarða og afla sér þekkingar um varðveislu gripa.

Þar sem um menningarsögulega mikilvægar byggingar er að ræða eru söfn hvött til að skoða hvaða áhrif aukin umgengni hefur, og skilgreina umgengnisreglur um viðkvæma staði. Markmið þess er að tryggja varðveislu þessara staða til framtíðar.

- **Gerð neyðaráætlunar**

Mælst er til þess að söfnin vinni neyðaráætlun í samráði við slökkvilið, lögreglu og aðra fagaðila á hverjum stað. Gera þarf hættumat á hverjum stað, skilgreina hvaða ráðstafanir þarf að grípa til og hver viðbrögð eigi að vera ef neyðarástand skapast. Í neyðaráætlun komi fram við hverja skal hafa samband, sem fyrir utan viðbragðsaðila ættu að vera forstöðumaður safnsins, eigendur þess, stjórn, Þjóðminjasafn Íslands og safnaráð. Þjóðminjasafnið metur þá aðstæður í samráði við heimamenn og sendir á vettvang viðbragðshóp ef þörf krefur.

6. Rannsóknir

Markmið

Rannsóknarstarf safna verði eft.

Rannsóknarstarf minjasafna hefst með mótun þeirra markmiða sem viðhöfð eru við söfnun muna og heimilda um menningarminjar og heldur áfram er upplýsingum er safnað og þær skrásettar. Slíkt skapar grunn fyrir áframhaldandi rannsóknir og túlkningar. Rannsóknaráfanga er oft lokið með túlkun efnisins hvort sem það er í formi sýningar, skrifum eða annarri miðlun og er nánar vikið að því í næsta kafla.

Skráning í sameiginlegan gagnagrunn, Sarp, auðveldar rannsóknir og veitir yfirsýn um hvað varðveitt er og hvort eitthvað vanti. Rannsóknir eru forsenda söfnunar, rannsókna og miðlunar upplýsinga um safnkost og menningararf. Þær eru jafnframt hluti af öllum þáttum safnastarfs, frá mótun söfnunarstefnu, skráningu, miðlun og varðveislu til kynningar.

Leiðir

- **Endurskoða faglegt starf**

Mikilvægt er að söfn setji sér rannsóknarmarkmið í samhengi við dagleg störf safnsins og gæti þannig að samhengi í faglegu safnastarfi. Sem dæmi um rannsóknarverkefni í daglegu starfi má nefna undirbúning sýninga, skráningu, söfnun og gerð leiðsagna. Gott er að greina slíka vinnu niður í ákveðna þætti og nálgast verkefnið sem rannsókn (sjá upplýsingar um grunnþætti rannsókna hér til hliðar).

- **Aðgengi að rannsóknarniðurstöðum**

Sýningastarfsemi, vefmiðlun og útgáfa eru meginbirtingamyndir rannsókna á söfnum. Þær eru m.a. framlag til fræðasamfélagsins og gefa tækifæri til að miðla þeim niðurstöðum sem rannsóknavinna við undirbúning sýningar skilaði. Mikilvægt er að helstu niðurstöður rannsókna verði aðgengilegar með einhverjum hætti að þeim loknum (s.s. með útgáfu sýningaskrár, skýrslu eða greinar). Einnig eru söfn hvött til að varðveita á skipulegan hátt þau gögn sem verða til við sýningagerð, svo þau nýtist við framtíðarrannsóknir sem heimild um sýninguna.

Hvað er rannsókn á safni?

Rannsóknir innan þjóðminjavörslunnar taka til margra sviða, svo sem handverks og tækni, byggingalistar, sagnfræði, þjóðháttufræði, fornleifafræði, þjóðfræði, safnafræði, mannfæði, efnafræði og fleira. Rannsóknir á safnkostinum eru í eðli sínu þverfaglegar, fela í sér mikla sérhæfingu og kalla á víðtækt samstarf. 4. gr. safnalaga nr. 106 /2001 og 3. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 kveða á um rannsóknarskyldu minjasafna sem hafa í reynd ekki bolmagn til að sinna henni nema með aðstoð eða samvinnu.

Grunnþættir rannsókna

- skilgreining á rannsóknarspurningu(m),
- val á aðferðafræði,
- söfnun gagna,
- úrvinnsla gagna og
- miðlun niðurstaðna.

(Sjá nánar í Skýrslu Farskóla FÍSOS 2006).

- **Samstarf við söfn/háskóla/fræðimenn**

Söfn eru hvött til að hafa frumkvæði að því að efna til og efla samstarf sín á milli um rannsóknir og tengjast í ríkari mæli háskóla- og fræðimannasamfélaginu og þeim rannsóknum sem þar fara fram. Þjóða má nemendum að vinna verkefni á sviði safnastarfs. Einnig gætu söfn boðið fram vinnuáðstöðu fyrir fræðimenn og nemendur og tengst rannsóknum með þeim hætti.

Pátttaka safns í rannsókn getur falist í hluta rannsóknarinnar, t.d. söfnun og skráningu upplýsinga eða miðlun rannsóknarniðurstaðna. Hægt er að brjóta rannsókn í einstök skref þannig að söfn um allt land sjái fjölbreytta möguleika á þessu sviði.

Mælt er með að söfn um allt land styðji við námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands enda er þar á ferðinni fræðastarf sem sérstaklega er beint að starfsemi safna, hugmyndafræði þeirra og erlendum straumum.

7. Miðlun

Markmið

Vönduð miðlun og fræðsla með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi

Leiðir

- **Aukið aðgengi fyrir alla**

Söfn, þurfa að bjóða upp á aðgengi fyrir alla. Bæði líkamlegt aðgengi að byggingum og þeim upplýsingum sem safnið miðlar. Í gömlum húsum getur verið erfitt að leysa vandamál varðandi aðgengi svo vel sé. Þar geta rekist á mismunandi hagsmunir. Við allar nýjar framkvæmdir er þó mikilvægt að hafa þetta atriði ávallt í huga.

Menntun, aldur og uppruni eiga ekki að standa í vegi fyrir hinu þekkingarlega aðgengi, sem er ekki síður mikilvægt. Bætt aðgengi getur falist í einföldum hlutum eins og að stækka letur á sýningartextum, hafa texta á fleiri tungumálum, láta útbúa bækling á blindralettri eða bjóða hljóðleiðsögn.

- **Byggja á rannsóknarniðurstöðum**

Sýningar eru sá vettvangur sem söfn nýta sér mest til að miðla menningararfinum til almennings. Hvatt er til þess að sýningar safna byggi á niðurstöðum rannsókna.

Sýning getur verið einn þáttur í rannsókn, eða leitt til frekari rannsókna. Mikilvægt er að söfn beiti faglegum aðferðum við túlkun og miðlun á heimildum og séu vettvangur ólíkra sjónarmiða. Safngestir búa yfir mikilli þekkingu og reynslu sem safnið getur nýtt í sínu starfi og er gagnlegt að söfn leiti fjölbreyttra leiða til að nálgast hana og varðveita.

- **Nýta margvíslegar miðlunaraðferðir**

Miðlunaraðferðir eru margvíslegar og fer það m.a. eftir safnkostinum og fjármagni hverri þeirra er beitt. Á mörgum söfnum er komin áratuga löng reynsla í miðlun og eru safnmenn hvattir til að skiptast á hugmyndum sín á milli. Oft er hægt að komast langt með hjálp hugmyndaflugs og útsjónarsemi.

Sýningar eru hinn hefðbundni miðill safna og þær geta verið af öllum toga. Mikilvægt er að þær spegli söfnunarstefnu hvers safns fyrir sig. Eldri sýningar er oft hægt að betrumbæta hvað varðar aðgengi og upplýsingamiðlun á tiltölulega einfaldan hátt, t.d. skipta út skýringarmiðum og bæta lýsingu. Þá hefur tæknibylting síðustu ára margfaldað möguleika á miðlunarleiðum og er mikilvægt að söfn fylgist með nýjungum á því sviði.

- **Leggja áherslu á vandaða og fjölbreytta safnfræðslu**

Söfnunum ber að stunda skipulagt fræðslustarf fyrir skóla og almenning og er þar með talin fullorðinsfræðsla og fræðsla fyrir hópa með sérþarfir. Undir safnfræðslu flokkast öll fræðsla hvort sem það er leiðsögn, móttaka skólahópa, annarra hópa eða einstaklinga. Safnfræðsla er fyrir alla, óháð aldri, kyni, uppruna og þjóðfélagsstöðu.² Heimsókn á safn getur stutt við formlega kennslu í skólum. Safnið getur þó einnig haft hlutverki að gegna í skólastarfinu, sem byggir ekki endilega á heimsókn í safnið. Æskilegt er að safnfræðsla fyrir grunnskóla taki mið af aðalnámsskrá skólanna og sé þá unnin í samstarfi við skólana. Til þess að safnfræðsla og skólastarf nái sem best saman er brýnt að jafnan sé opin umræða um námskrár og tengsl skólanna við safnastarfið.

Safnfræðsla getur farið fram á margvíslegan máta, í formi leiðsagna, fyrirlestra, upplifunar og snertingar, í formi leikja og þrauta, þar sem foreldrar og börn taka þátt saman.

Minjasöfn ættu að stefna að ráðningu safnkennara sem menntaðir eru í einhverjum þeim fögum sem tengjast safnastarfi auk kennaramenntunar eða kennslureynslu.

- **Markvisst kynningar- og markaðsstarf**

Markaðssetning safnanna hefur verið margvísleg. Æskilegt er að söfn vinni saman í markaðssetningu, bæði í sparnaðarskyni og eins vegna samlegðaráhrifanna sem því fylgja.³ Söfnin eru hvött til þess að hafa upplýsingar um starfsemi sína aðgengilegar á vefnum, t.d. með eigin heimasíðu eða á upplýsingasíðu safnaráðs.

Mikilvægt er að söfnin geri ráð fyrir og stuðli að aðgengi allra í sínu markaðsstarfi.

Söfn kynni á markvissan hátt lýðræðis- og samfélagslegt hlutverk sitt, s.s. sinn þátt í sífræðslu til almennings og þá þjónustu sem þau veita. Í því felst að þau kynna safnkostinn, þær heimildir sem safnið varðveitir um hann og með hvaða hætti aðgengi að þessum upplýsingum er háttáð.

Mikilvægt er að söfnin geri sér grein fyrir þeim hámarksgestafjölda sem staðurinn ber og setja sér markmið samkvæmt því.

² Safnaráð stóð árið 2006 fyrir samráðsfundi safna af öllu landinu um gerð heildarstefnu safna um menntunarhlutverk safna. Stefnan er aðgengileg á vefsíðu safnaráðs og heitir *Fræðsla fyrir alla*. Um er að ræða mikilvægt leiðarljós safna hvað varðar miðlun og fræðsluhlutverk.

³ Dæmi eru um að söfn hafi tekið sig saman um markaðssetningu á ákveðnu svæði eða söfnunarflokki s.s. Söguslóð um Skagafjörð til Siglufjarðar, Safnapassi í Eyjafirði og samstarf sjóminjasafna.

8. Samvinna

Markmið

Samvinna safna við ferðapjónustuaðila, menntastofnanir og fræðasetur verði efl.

Leiðir

- **Frumkvæði**

Söfn um allt land eru hvött til þess að eiga frumkvæði að samvinnu og samráði meðal safna. Mikilvægt er að söfn vinni saman á faglegum og rekstrarlegum grunni að ýmsum hagsmunamálum.⁴ Samstarf getur leitt til aukins árangurs allra þátttakenda, en það er ekki síður stærri safnanna að eiga frumkvæði á þessu sviði.

- **Samstarf/sameining**

Safnaráð stuðli að sameiningu og samvinnu milli safna, t.a.m. með styrkjum til samstarfsverkefna og með því að styðja við þjónustusamninga um faglega- og rekstrarlega samvinnu.

Rekstrarfé safnanna verði nýtt eins vel og hægt er með viðtæku samstarfi, m.a. um söfnun, skráningu, varðveislu og markaðssetningu. Mikilvægt er að faglegt safnastarf bíði ekki hnekki við hagræðingu. Þá þarf að hafa það að leiðarljósi að efla faglegt starf og gera hverri einingu kleift að þróa starf sitt í samhengi við þarfir og kröfur hvers tíma. Afar mikilvægt er að fagaðilar innan safnsins séu þátttakendur í þessari stefnumótun.

Rekstraraðilar og/eða eigendur safna, s.s. sveitarfélög eða héraðsnefndir, eru hvött til þess að stuðla að samvinnu eða sameiningu starfsemi á safnasviði við viðurkennd söfn og stuðla þannig að færri en öflugri einingum. Þættir sem huga þarf að við sameiningu safna eru m.a.:

- Raunveruleg hagræðing, fjárhagsleg og fagleg.
- Möguleg áhrif á þjónustu og faglegt starf.
- Lagalegir og skipulagslegir þættir (s.s. endurskoðun stofnskrár/skipulagsskrár/samþykktar, skipulag starfsmannamála, ...)

Söfn kanni möguleika þess að gera samstarfssamninga um þætti sem ná má hagkvæmni í að vinna sameiginlega, s.s. varðandi varðveislumál, skráningu o.fl.

⁴ Sem dæmi um samstarfsverkefni má benda á verkefni á borð við Aðgengi fyrir alla sem unnið var í samvinnu safnaráðs og Þjóðminjasafns veturinn 2007-2008. Verkefnið var skipulagt þannig að landinu var skipt í 8 svæði. Söfn á hverju svæði unnu saman að því að skoða aðgengismál frá ýmsum sjónarhornum. Í lok vetrar var haldið málþing þar sem niðurstöður voru kynntar.

Söfn kanni möguleika þess að nýta sameiginlega sérhæfðan starfskraft eins og t.d. forverði, safnkennara, ljósmyndara, umsjónarmenn fasteigna o.s.frv. þar sem því verður við komið.

Söfn starfi saman að sýningarverkefnum og miðlun almennt.

- **Aukin vitund um safnastarf**

Söfnin taki höndum saman um að efla upplýsingavefinn um söfnin á www.safnarad.is sem rekin er af safnaráði.

Mikilvægt er að kynna fyrir fjárveitingarvaldinu það starf sem fer fram á söfnum, sem og það starf sem fram fer á vegum safnaráðs, höfuðsafna, FÍSOS, ICOM, Félags safnafræðinga og Félags forvarða.

9. Lokaorð

Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu er ætlað að vísa veginn í safnastarfi á Íslandi og benda á leiðir sem söfnin þróa og vinna áfram í góðri samvinnu sín á milli og við aðra samstarfsaðila. Ljóst er að mest aðkallandi verkefnið núna er aukið samstarf safna sín á milli og við menntastofnanir og ferðaþjónustu. Brýnt er einnig að stuðla að sameiningu safna og stuðla þannig að sterkari söfnum á hverju sviði, og á hverju svæði. Það er markmið safnaráðs að leggja áherslu á að safnasjóður beiti sér fyrir hvers kyns verkefnum sem leiða til og efla sameiningu og samstarf innan svæða og á landsvísu.

Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu hefur forystu um stefnumótun á sviði safnastarfs. Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu er liður í þeirri vinnu. Starfsemi safnaráðs og menningarsamningar Mennta- og menningarmálaráðuneytis við hina ýmsu landshluta hafa gefið góða raun. Með eflingu safnasjóðs og að úthlutun fjármagns að verði í samræmi við faglegar áherslur eins og bent er á í skýrslu Ríkisendurskoðunar, er lagður grunnur að faglegu og öfluggu safnastarfi.

Rauði þráður safnastefnunnar er samstarf, verkaskipting og sérhæfing í takt við gildandi safnalög, markvisst starf sem og frumkvæði og ábyrgð hvers og eins. Forystuhlutverki gegnir Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafn, en umsýsluhlutverkið er samkvæmt safnalögum í höndum safnaráðs. Með starfi sínu stuðla þau að og hvetja til vandaðs safnastarfs, þar sem góð yfirsýn og samhengi starfsins á landsvísu er í fyrirrúmi.

Á krefjandi tímum erfiðs efnahags er mikilvægara en nokkru sinni að snúa bókum saman og nýta vel það fé sem ætlað er til safnastarfs. Þar eru tækifæri til nýsköpunar, menntunar, atvinnusköpunar og þjónustu á sviði ferðamála í þverfaglegu samstarfi innanlands og við nágrannalönd okkar. Söfnin standa fyrir íslensk gildi, sérkenni okkar og það sem við höfum fram að færa til alþjóðasamfélagsins. Þannig getur menningararfur okkar verið mikilvæg grunnstoð til framtíðar litið. *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2010-2014* verði okkur leiðarljós og hvatning á vegferð til góðs sem byggir á gildum íslenskrar sögu og menningar.

Apríl 2010,

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður

10. Heimildir

FÍSOS. *Söfn í samfélagi – hlutverk og samstarf. Skýrsla Farskóla FÍSOS*. 2006.

Íslandsdeild ICOM. *Siðareglur Alþjóðaráðs safna*. 2006.

Menntamálaráðuneyti. *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008*. 2003.

Ríkisendurskoðun. *Íslensk muna og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé. Skýrsla til Alþingis*. 2009

Safnalög nr. 106/2001

Safnaráð. *Fræðsla fyrir alla. Menntunarhlutverk safna, staða og stefna*. 2007.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

11. Viðaukar

Safnaráð

Safnaráð var stofnað með safnalögum nr. 106/2001 og ráðinu jafnframt veitt hlutverk samkvæmt lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa. Safnaráð er fjölskipað stjórnvald og stjórnarsýslunefnd sem starfar undir menntamálaráðuneyti.

Skv. 3. og 11. gr. safnalaga er hlutverk safnaráðs fjórþætt:

- 1) Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna.
- 2) Safnaráð hefur eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki.
- 3) Safnaráð úthlutar úr safnasjóði.
- 4) Sæki safn um styrk til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga til öflunar húsnæðis fyrir starfseminum er styrkveiting háð samþykki safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Skv. 2., 4., 5., 6. og 7. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga bætist annað tvíþætt hlutverk við hin fyrri:

- 5) Safnaráð veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem teljast til menningarverðmæta skv. 2. og 4. gr. laga nr. 105/2001.
- 6) Safnaráð skal annast framkvæmd skila á menningarminum, er fluttar hafa verið með ólöglegum hætti til Íslands, til hlutadeigandi ríkja.

Með tilkomu safnaráðs hefur mikið áunnist í því að gera starf safna um landið markvissara, faglegra og árangursríkara. Jafnframt hefur starf safnaráðs skilað árangri í sameiginlegri stefnumótun safna um landið, sem merkja má til að mynda í Fræðsla fyrir alla, stefnu um menntunarhlutverk safna, sem gefin var út af ráðinu 2007 og byggð var á víðtæku samráði safna um landið. Nefna má jafnframt að í dag vinnur safnaráð með söfnum að verkefni um samræmda safngestakönnun íslenskra safna og jafnframt að verkefni um mat og stefnu um varðveisluskilyrði safna.

Þá hefur safnaráð sett á fót sérstaka upplýsingasíðu um söfnin á vefsíðunni www.safnarad.is, þar sem allar stofnanir í safnastarfi á landinu verði skráðar. Stofnanirnar skrá sig sjálfar á síðuna, með eigin notendanafni og lykilorði og sjá jafnframt sjálfar um uppfærslu og breytingu upplýsinga. Á vefsíðunni má raða söfnum saman eftir landshlutum, tegund safns og þjónustu sem söfnin bjóða upp á. Stefnt er að því að síðan verði kynnt innan menntakerfisins og ferðaþjónustunnar.

Nánari upplýsingar um starfsemi ráðsins, auk upplýsinga og leiðbeininga um alla þætti faglegs safnastarfs má finna á vef þess www.safnarad.is.

Gagnlegar upplýsingar

Eftirfarandi aðilar halda úti vefsíðum sem hafa að geyma upplýsingar um starfsemi safna:

- Safnaráð – www.safnarad.is
- Þjóðminjasafn Íslands – www.thjodminjasafn.is
- Félag Íslenskra safna og safnmanna – www.safnmenn.is
- Íslandsdeild ICOM – Alþjóðaráð safna – www.icom.is

Einnig má benda á póstlista safnafræði við Háskóla Íslands, Baldursheim.

FÍSOS

Félag íslenskra safna og safnmanna var stofnað árið 1981 í þeim tilgangi að efla samstarf og menntun þeirra sem starfa á lista-, minja- og náttúrufræðisöfnum á Íslandi. Félagar geta þeir orðið sem vinna fagleg störf við lista-, minja- og náttúrufræðisöfn og þeir sem lokið hafa námi í greinum sem nýtast í starfsemi slíkra safna.

Félagið er vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast, tjá skoðanir, aðstoða hver annan og styðja við safnastarf í landinu. Faglegur umræðuvettvangur um málefni safna hefur farið fram meðal félaga í FÍSOS á netfanginu [safnmenn@safnmenn.is/](mailto:safnmenn@safnmenn.is) postlisti@safnmenn.is. (Upplýsingar af www.safnmenn.is)

Íslandsdeild ICOM

Markmið Íslandsdeildar ICOM er að efla samvinnu, gagnkvæma aðstoð og upplýsingamiðlun meðal félaga deildarinnar og einkum:

- að vinna að markmiðum ICOM, kynna þau meðal safna og sérmenntaðra starfsmanna þeirra á Íslandi og vinna að framgangi áætlana ICOM jafnt innanlands sem utan,
- að efla aðild að ICOM meðal safna og sérmenntaðra starfsmanna þeirra á Íslandi, að vera helsti tengiliður milli ICOM og félaga þess á Íslandi,
- að gæta hagsmuna ICOM á Íslandi
- að koma fram fyrir hönd félaga deildarinnar gagnvart höfuðstöðvum ICOM og gæta hagsmuna þeirra, þ.m.t. faglegra, á þeim vettvangi,
- að starfa í samvinnu við alþjóðadeildir ICOM og innlend jafnt sem erlend samtök sem starfa að safnamálum. (Upplýsingar af www.icom.is)

Úr siðareglum ICOM:

„Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna – til skoðunar, menntunarauka eða ánægju – það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.“

Endurmenntun

Ýmsir menntunar- og endurmenntunar möguleikar eru í boði fyrir safnmenn. Sem dæmi má nefna:

- Nám í safnafræði á MA stigi við Háskóla Íslands.
- Meistaránám í menningarstjórnun við Háskólinn á Bifröst.
- Háskólanám í safnafræði við erlenda háskóla s.s. University of Leicester, University of East Anglia, Göteborgs Universitet.
- Farskóli safnmanna sem FÍSOS stendur fyrir á hverju hausti.
- Endurmenntunarnámskeið FÍSOS og Endurmenntunar HÍ.
- Staðarvarðarnám. Námskeið kennt á ferðamálabraut Háskólans á Hólum í í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga, Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd.
- Kennsla í fornu handverki, m.a. torfhleðslum. Fornverkaskólinn eða Íslenski Bærinn.
- Sækja fundi og fyrirlestra sem eru í boði hjá Þjóðminjasafni, minjasöfnum og háskólum. Safnmenn eru hvattir til að fylgjast með hvaða dagskrá er boðið uppá.